

Mál nr. 158/2026**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 10. apríl 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 21. apríl 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 11. maí 2026.

Málsatvik.

Hinn 2. janúar 2025 varð árekstur milli bifreiðanna A og B, en M var ökumaður hinnar síðarnefndu. Ekki virðist ágreiningur um að ökumaður A hafi borið alla sök á umræddum árekstri.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir tognun í lendhrygg við atvikið og glími enn við verki í baki, hálsi, öxl og víðar. V hafi hins vegar, með tölvupósti dags. 5. febrúar 2026, hafnað bótaskyldu vegna líkamstjóns M á grundvelli þess að það teldi ekki sýnt fram á orsakatengsl milli slyssins og þeirra einkenna sem M rekur til þess. Í málskoti er þeirri afstöðu mótmælt og þess krafist að viðurkennd verði full og óskert bótaábyrgð úr ábyrgðartryggingu A vegna líkamstjóns M.

Af hálfu M er byggt á því að fyrirliggjandi sjúkragögn sýni fram á orsakatengsl einkenna M við slysið. Hann hafi fyrst leitað til læknis vegna afleiðinga þess 8. janúar 2025 og þá lýst einkennum frá mjóbaki, hálsi og herðum. Hafi M verið greindur með tognun á lendhrygg og fengið ávísað Norgesic verkjalyfjum. Hinn 2. maí 2025 hafi M leitað til læknis á ný þar sem hann hafi enn fundið fyrir verkjum í hálsi og herðum. Var hann þá greindur með tognun/ofreynslu á háls hrygg og tognun á lendhrygg og fékk ávísað beiðni um sjúkrahjálfun. Líkt og greina megir af sjúkraskrá þurfi M enn að taka verkjalyf vegna einkenna sinna. Liggi því fyrir sönnun um varanlegar afleiðingar slyssins. Verði þar af leiðandi ekki annað séð en höfnun V á bótaskyldu byggji aðeins á PC-crash skýrslu sem V hafi aflað einhliða en M telur hana ekki hafa sönnunargildi í málinu. Er sérstaklega vísað til dóma Héraðsdóms Reykjavíkur í málum nr. E-3303/2025 og E-6399/2019, svo og dóms Landsréttar í máli nr. 526/2021 því til stuðnings. Á grundvelli útreiknings í slíkum skýrslum verði aldrei fullyrt um hvort slys geti leitt til varanlegra afleiðinga enda þurfi að horfa sérstaklega til læknisfræðilegra gagna um hvern og einn einstakling.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að M hafi orðið fyrir umferðarslysum á árunum 2019 og 2021 og tvisvar verið metinn til miska og örorku vegna sömu einkenna og hann reki nú til slyssins 2. janúar 2025. Um mjög vægan árekstur hafi verið að ræða og verði einkenni frá háls- og lendhrygg því aðeins rakin til þessara fyrri slysa. Samkvæmt almennum sönnunarreglum hvíli sönnunarbyrði þess að orsakatengsl séu til staðar á tjónþola og eins og hér hátti til hafi slík sönnun ekki tekist. Vísar V sérstaklega til dóms Landsréttar í máli nr. 877/2018 til stuðnings afstöðu sinni.

Í viðbótarathugasemdum M er sönnunargildi umþrættrar PC-crash skýrslu enn mótmælt. Hvað fyrra heilsufar M varði þá hafi það ekki aðra þýðingu í málinu en að sýna fram á að hann hafi verið sérstaklega viðkvæmur fyrir í lend- og háls hrygg. Það eigi ekki að leiða til þess að bótaréttur hans sé skertur. Er sérstaklega vísað til umfjöllunar í áður nefndum dómi héraðsdóms í máli E-6399/2019 hvað það varðar. Þá hafi líkamsstaða M í aðdraganda árekstursins, en hann hafi snúið aftur að baksæti B, gert hann sérstaklega útsettan fyrir meiðslum. Óumdeilt sé að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn og líkamlegt ástand hans hafi versnað. Sé það undir hæfum og óvilhóllum matsmönnum, en ekki V, komið að meta nákvæmt umfang afleiðinga slyssins.

Álit.

Samkvæmt framangreindu snýst ágreiningur aðila um það hvort orsakatengsl séu milli áreksturs sem varð 2. janúar 2025 og þeirra líkamlegu einkenna sem M rekur til hans.

V lét vinna skýrslu um útreikninga á hraða og höggkrafti árekstursins, svokallaða PC-crash skýrslu, og liggur hún fyrir nefndinni. Þó sú skýrsla lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar

víðtækar almennar ályktanir af henni án þess að litið sé heildstætt til gagna málsins. Einkum þarf að líta til læknisfræðilegra gagna enda geta afleiðingar umferðaróhapps á heilsu fólks verið afar einstaklingsbundnar og ráðist af ýmsum þáttum, s.s. fyrra heilsufari og líkamsstöðu. Þrátt fyrir að litlir kraftar kunni að hafa verið að verki og ákoma á bifreiðar minni háttar getur því verið unnt að sýna fram á líkamstjón með framlagningu annarra gagna, einkum læknisfræðilegra.

Fyrirliggjandi er sjúkraskrá M vegna tímabilsins 6. janúar 2022 til 11. desember 2025. Þá kemur fram í matsgerð, dags. 20. desember 2020, en hún var unnin í þeim tilgangi að meta líkamlegar afleiðingar slyss sem M varð fyrir 3. júlí 2019, að M lýsi verkjum neðarlega í baki og á vinstra mjaðmasvæði. Einnig liggur fyrir matsgerð, dags. 18. september 2023, en hún var unnin í þeim tilgangi að meta líkamlegar afleiðingar slyss sem M varð fyrir 21. október 2021. Þar kemur fram að M lýsi einkennum í brjóstbaki við vinstra herðablað. Þá lýsi hann óþægindum í hálsi, aðallega hægra megin og þreytu frá hálsi og brjóstbaki við langar setur. Verkirnir frá mjóbaki og vinstra mjaðmasvæði hafi þá versnað. Af sjúkraskrá heilsugæslu má ráða að M hafi fengið ávísað Norgesic vegna einkenna þessara slysa, síðast í ágúst 2024. Má þá einnig ráða af fyrirliggjandi sjúkraskrá að M hafi fengið ávísað beiðni um sjúkrapjálfun vegna afleiðinga þeirra í nóvember 2023.

Fyrir nefndinni lýsir M einkennum frá baki, öxl, hálsi og víðar. Hinn 8. janúar 2025 leitaði M á heilsugæslu og lýsti þá eymslum í mjóbaki, hálsi og herðum. Hjúkrunargreining var tognun á lendhrygg en í samskiptaseðli hjúkrunar kemur jafnframt fram að hann sé „að taka Norgesic vegna annars umferðaróhapps.“ Við skoðun læknanema vegna beiðni M um útgáfu áverkavottorðs sama dag var „óskert hreyfigeta um hryggsúlu. Engin áverkamerki sjáanleg, ekki sár, mar eða aflögun. Stífur og eymsli við þreyfingu yfir vöðvum og hálsi og herðum“. Skráð greining vegna þeirrar skoðunar var „Myalgia, M79.1, Ný episóða – Nei“. M leitaði aftur til læknis 2. maí 2025 og lýsti þá eymslum í mjóbaki og hálsi og herðum. Var hann greindur með tognun/ofreynslu á hálshrygg og tognun á lendhrygg og fékk ávísað beiðni um sjúkrapjálfun. Ekki er ljóst hvort M hafi sótt sjúkrapjálfun en í öllu falli liggja engin gögn, s.s. komuyfirlit eða skýrsla sjúkrapjálfa, fyrir nefndinni. Af sjúkraskrá má ráða að M hafi áfram fengið ávísað lyfinu Norgesic en ekki verður séð að hann hafi aftur leitað til læknis vegna einkenna sinna.

Það hvílir á M að sýna fram á að meiri líkur en minni séu á því að orsakatengsl séu milli umrædds áreksturs og einkenna hans. Eins og að framan er rakið virðist þeim einkennum að miklu leyti svipa til fyrri einkenna hans. Þá liggur ekki meðal gagna málsins heildstætt læknisvottorð eða annað gagn er sýni fram á að um ný einkenni eða versnun fyrri einkenna sé að ræða. Í ljósi þess verður að telja að M hafi ekki axlað þá sönnunarbyrði sem á honum hvílir og er því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 15. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir